við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. (Áfengisverzlun ríkisins).
Aftan við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun 4. (Tóbakseinkasala ríkisins).
Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:
Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á tóbaki né annað, nema ákveðin séu í lögum.

II. Frá *Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 12. gr. XXVII. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss að Selfossi ................ 500 000

III. Frá *2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).*
Við 13. gr. C. VIII. 34. (Kópavogur).
Fyrir „100 000“ kemur ................ 200 000

IV. Frá *Unnari Stefánssyni.*
Við 13. gr. F. IX. Liðurinn orðist svo:
Til fegrunar í Hveragerði ................ 80 000

V. Frá *2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).*
Við 14. gr. A. XXXV. Liðurinn orðist svo:
Til Ríkisútgáfu námsbóka, þar af 60 þús. kr. til handbóka fyrir kennara, að öðru leyti til greiðslu ⅓ kostnaðar útgáfunnar gegn ⅔ af námsbókagjaldi ................ 1 410 000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 18. gr. II. a. Við bætist í stafrófsröð:
Bjarni Bjarnason, fyrrv. skólastjóri ................ 5000.00
2. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til byggingar lýsisgeyma og mjölhúss við síldarverksmiðju S. R. á Húsavík.